

Bráðsmitandi veirusjúkdómur sem lýsir sér með blöðrumyndun sem getur komið fram í munnholi, spenum og kringum klaufir. Öll klaufdýr eru móttækileg. Einkenni geta verið hiti, lysterleysi, deyfð, holti eða slefa, en eru mismunandi eftir dýrategundum. Smitast ekki í fólk. Engin meðhöndlun er til. Mikilvægt að bregðast fljótt við grun.



Nautgripur



Nautgripur



Svín

Breytingar í munnholi eru algengastar í nautgripum en geta einnig sést hjá öðrum dýrategundum.



Breytingar við klaufir sjást hjá nautgripum, sauðfé, geitum, svínum og hreindýrum.



Breytingar á spenum geta sést hjá öllum kvendýrum.

Fyrstu viðbrögð

Dýraeigandi/umráðamaður:

- Tilkynnir um grun til MAST eða sjálfstætt starfandi dýralæknis og heldur sig heima uns annað hefur verið ákveðið.
- Þarf að vera viðbúin því að sett verði á flutningsbann uns niðurstaða úr læknisskoðun og/eða sýnatökum liggja fyrir. Gildir það bæði fyrir mjólk og öll klaufdýr.
- Þarf að vera tilbúin til þess að aðstoða dýralækni við skoðun á gripunum og sýnatöku ef þörf er á.

Sjálfstætt starfandi dýralæknir:

- Upplýsir dýraeiganda/umráðamann um gruninn og gefur fyrstu fyrirmæli um smitvarnir til að hindra smitdreifingu.
- Tilkynnir grun til MAST ef það hefur ekki þegar verið gert.
- Fær leiðbeiningar frá MAST um skoðun gripa, sýnatökur, sýnatökubúnað og sendingu sýna.
- Fær leiðbeiningar frá MAST um eigin viðbrögð. Hvort óhætt sé að fara af staðnum, hvort óhætt sé að halda áfram á næsta bæ og hvernig skuli staðið að sóttthreinsun fyrir mann og bíl?

Starfsmaður MAST:

- Gefur leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð á viðkomandi búi.
- Kemur boðum um tilkynninguna til sérgreinadýralæknis nautgripa og sauðfjár og/eða sérgreinadýralæknis svína.

Sérgreinadýralæknar nautgripa, sauðfjár og svína

- Gengur úr skugga um að viðeigandi fyrirmæli hafi verið gefin um fyrstu ráðstafanir til að hindra smitdreifingu.
- Kallar VIÐ-teymi saman, sbr. almenna [viðbragðsáætlun MAST um alvarlega dýrasjúkdóma](#).

VIÐ-teymi

- Vinnur samkvæmt [almennri viðbragðsáætlun MAST um alvarlega dýrasjúkdóma](#) og handbók um viðbrögð við gin- og klaufaveiki (í vinnslu 2022).
- Tilkynnir um málið og miðlar upplýsingum til allra sem það telur þörf á, sbr. viðbragðsáætlun.
- Skipar fjölmiðlafulltrúa sem heldur fjölmiðlum upplýstum jafnóðum og gerir þeim m.a. grein fyrir gildandi fjarlægðartakmörkunum þegar þessi sjúkdómur á í hlut.
- Hefur samband við Keldur og ráðfærir sig um hvernig sýni skuli tekin.
- Sér til þess að sýnatökubúnaði og sóttthreinsibúnaði sé komið á staðinn. Gæta skal þess að smitvarnir séu virtar.
- Sér til þess að sýni séu tekin og berist til Keldna á sem allra skemmstum tíma. Sýni geta verið tekin af sjálfstætt starfandi dýralækni inni á búinu eða af eftirlitsdýralækni MAST. Gæta þarf að smitgát við frágang og sendingu sýna.
- Hefur samband við lögreglu og biður hana að vera til taks ef á þarf að halda.